

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

SEPTEMBER 2015

9. tbl. 22. árg.



Íþróttafélagið Leiknir bauð öllum stelpum í 1. til 8. bekk í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til knattspyrnuhátíðar þann 11. september síðastliðinn. Hátíðin heppnaðist mjög vel og undu stelpurnar sér með boltann. Spurning um hversu mikinn fótboltaáhuga hátíðin hefur kveikt en gera má ráð fyrir að hann sé nokkur. Myndin var tekin á Leiknisvelli á hátíðisdaginn. Sjá nánar á bls 14.



GARÐHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6



Nýr netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
—einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Nauta Gúllash

Verð áður 3.198 kr./kg.

Verð núna 2.559 kr./kg.

Tilboð á nautakjöti

Nauta Snitzel

Verð áður 3.298 kr./kg.

Verð núna 2.639 kr./kg.



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Nauta Innralæri

Verð áður 4.749 kr./kg.

Verð núna 3.798 kr./kg.

Nauta Rib-eye

Verð áður 5.398 kr./kg.

Verð núna 4.298 kr./kg.


Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
9. tbl. 22. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti

Breiðholtið er skólabær. Allt frá því að bygging þess hófst hefur verið lögð áhersla á öflugt skólastarf. Grunnskólarnir voru byggðir upp og sniðnir að þeim þörfum sem birtust í nýju og fjölbreyttu mannlífi þessarar byggðar. Öflugir skólamenn og konur komu til starfa í Breiðholtiinu – bæði til kennslu og til stjórnunar. Einnig reis framhaldsskóli frá rótum. Skóli sem byggður var á mörgum nýjungum í framhaldsskólastarfi og um margt opnari og frjálsglegri en gömlu framhaldsskólarnir sem áttu sér rætur í einsleitu bóknámi fyrri tíma.

En ekkert er svo fullkomið að ekki megi bæta. Heldur ekki skólarnir í Breiðholti. Þar hefur verið fylgt margbreytilegri þróun samfélagsins í gegnum tíðina og reynt að mæta kröfum tímans. Í þessu tölublaði er rætt við Jónínu Ágústsdóttur skólastjóra í Breiðholtsskóla um skólastarfið og hvað sé á döfinni um þessar mundir. Henni verður tíðrætt um lestrarkenndu og lesskilning - eðlilega í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur og þess átaks sem ríki og sveitarfélög efna nú til að efla meðvitund foreldra um lestrarhæfni barna sinna. Hún segir að þjóðarvitund verði að koma til þegar lestrarkunnátta er annars vegar. Að þessu leyti verða yfirvöld ríkis og sveitarfélaga að standa saman og einnig skólar, foreldrar og aðrir uppallendur barna. Vart má til þess hugsa að á þeim tímum þegar menntun skiptir miklu meira máli en áður að hluti fólks kunni ekki að lesa. Með því væri verið að skapa undirmálsstétt í landinu sem ætti erfitt uppdráttar svo ekki verður meira sagt.

Jónína ræðir einnig um nauðsyn frístundastarfs og að öll börn þurfi að hafa aðgang að verkefnum hvort sem er á skólatíma eða eftir hann þar til að fjölskyldur geta komið saman á heimilum sínum eftir vinnu. Hún ræðir einnig um lista- og menningarlíf í skólunum og segir frá hvað á döfinni er í Breiðholtsskóla í þeim efnum og segir frá fyrirhugðu menningarmóti í Breiðholtsskóla í lok október.

Breiðholtið er landfræðilega afmarkaður borgarhluti – bær í borginni eins og stundum er að orði komist. Ákveðin bæjarmenning hefur náð að myndast og eflast sem mótast af því fjölbreytta mannlífi sem í byggðinni býr. Með samstilltu átaki og samstarfi innan skólasamfélagsins og foreldra og annarra uppalenda er hægt að efla fjölbreytileika skólastarfsins. Tengja það sem flestum. Breiðholtið hefur verið og er skólabær. Breiðholtið vill vera skólabær í framtíðinni.



Frumskógardrottningin eftir Erró var afhjúpuð á vegg Íþróttamiðstöðvarinnar við Austurborg Breiðholti 4. september sl. Erró gaf Reykvikungum tvö verk og útfærði þau í samráði við Listasafn Reykjavíkur á tvær byggingar í Breiðholti.

Annars vegar var um að ræða á fjölbýlishús við Álftahóla og hins vegar Austurberg. Verkið á Álftahólum sem nefnist Réttlætisgyðjan var afhjúpað á síðasta ári. Hluti þeirra myndar var svo yfirleður á vegg ípróttamiðstöðvarinnar við Austurberg en að þessu sinni var það Frumskógardrottningin sem var í aðalhlutverki. Veggmyndirnar á Álftahólum og Austurbergi mynda þannig eina heild. Erró er heiðursborgari Reykjavíkur og hefur í gegnum tíðina sýnt Reykvíkungum og Listasafni Reykjavíkur mikinn rausnarskap með því að gefa safninu verk sín. Verk eftir Erró hafa verið sýnd á mörgum helstu söfnum Evrópu víða um heim og veggmyndir hans prýða merkar byggingar í mörgum borgum. Þekkt vegglistaverk eftir hann eru t.d. á fjölbýlishúsi í borginni Angoulême í Frakklandi og á vegg í neðanjarðarlestarstöð í borginni Lissabon í Portúgal.

Borgarráð ákvað fyrir tveimur árum að fjölga listaverkum í opinberu rými í Breiðholti og er verið hluti af því átaki. Verkefninu er ætlað að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, fegra hverfið og skapa umræðu. Síðustu tvö ár hafa fimm stór vegglistaverk verið sett upp í hverfinu eftir listamennina Erró, Theresu Himmer, Söru Riel og Ragnar Kjartansson auk minni veggmynda eftir unga listamenn úr frístundamiðstöðinni Miðbergi.



Laugardaginn 3. október
Opið hús frá 13:00 - 15:00

Allir velkomnir

Austurberg 5 111 Reykjavík Sími 570 5600 www.fb.is

Njótum haustsins



KERTI 20 – 50% | LUKTIR OG SERÍUR 20% | GRILL OG GRILLAUKAHLUTIR 15% | GARDLJÓS 30%
KLIPPUR OG VERKFÆRI 20% | STEINASTYTTUR 40% | TRÉ OG RUNNAR 40%


FULL BÚÐ AF FALLEGUM
HAUSTVÖRUM



ALLT FYRIR
HAUSTKRANSAGERÐINA



ÓPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

Börnin eru þunga- miðjan í skólastarfinu

Jónína Ágústs dóttir tók við skólastjórn Breiðholtsskóla haustið 2012. Hún er uppalin í Kópavogi og starfaði að loknu námi við Hjallaskóla hjá Stelli Guðmundsdóttur skólastjóra sem hún segir eina helstu fyrirmynd sína í skólastarfi. Jónínu langaði þá að breyta til. Að reyna fleira og fluttist til Suðurnesja þar sem hún tók við stjórn nýs skóla sem verið var að koma á fót í Reykjanesbæ nánar tiltekið í Innri Njarðvík. Þar tók við verkefni að byggja skóla upp alveg frá grunni nokkuð sem Jónína kveðst ekki viljað hafa misst af. Hún fluttist til Reykjanesbæjar. Hún kveðst telja nauðsynlegt fyrir skólastjóra að búa í bæjarfélaginu þar sem að hann starfar. Öðruvísi komist hann ekki inn í samfélagið. Hún viðhafði sömu aðferð þegar hún tók við skólastjórn í Breiðholti. Þá flutti hún einnig heimili sitt í borgarhlutann. Jónína spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

En af hverju Breiðholtið. „Það sem mér þótti og þykir einna áhugaverðast við Breiðholtið er hversu gróíð umhverfið er og nálægðin við Elliðaárdalinn. Ég er náttúrufræðikennari og sá hversu Breiðholtið er vel fallið til útikennslu. Ég fór töluvert í vettvangsferðir í Elliðaárdalinn með nemendur þegar ég kenndi í Kópavogi og ég held að það sé ekki hægt að hugsa mér betra kennslusvæði en hann. Náttúrufræðin er í mínum huga mikilvæg námsgrein og ég hef ekki orðið vör við annað en að krökkunum finnist áhugavert að læra um náttúruna og umhverfi sitt.“

Áhugavert að hafa börn af mörgum þjóðernum

Jónína segir annað einnig einkenna Breiðholtið. Það sé mannauðurinn í byggðarlaginu. „Ég kem upphaflega úr Hjallaskóla í Kópavogi sem er móttökuskóli



Jónína Ágústs dóttir skólastjóri í Breiðholtsskóla.

fyrir nýbúa. Þegar ég starfaði þar voru töluð allt að 40 tungumál í skólanum og því þekki ég vel til fjölmenningar. Mér fannst því áhugavert að koma til skóla þar sem börn af mörgum þjóðernum og menningarheimum stundar nám. Eftir að ég fór að kynnst skólanum, umhverfinu og fólkinu hér finnst mér mjög ánægjulegt hversu fólkið í hverfinu hugsar vel um skólann sinn. Fólk kemur í skólann og vill fylgjast með. Nú eru að fara af stað verkefni í sambandi við lestrarátakið að fá fólk úr hverfinu til þess að koma og aðstoða við lestrarkennsluna. Þetta er komið af stað í einhverjum grunnskólum og hjá okkur er ætlunin að taka þetta upp.“

Finn fyrir miklum metnaði hjá fólki

„Mér finnst að framundan séu spennandi tímar í skólamálum

í Breiðholti,“ heldur Jónína áfram. „Ég finn fyrir miklum metnaði hjá skólafólki þá er ég að tala um alla heildina. Leikskólana, grunnskólana, framhaldsskólann og frístundastarfið. Nú erum við á leið inn í stórt samstarfsverkefni sem er að efla læsi og fengið heitið Læsi allra mál. Dröfn Rafnsdóttir sem starfar í hlutastarfi Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur stýrt þessu og unnið að formgerð verkefnisins Dröfn starfaði um tíma á Suðurnesjum líkt og ég og þar lágu leiðir okkar saman og við áttum gott samstarf. Ætlunin er m.a. að fjölga skimunum til þess að fylgjast betur með stöðu hvers nemanda. Þá getum við gripið inn í með snemmtækri íhlutun eftir þörfum. Við þurfum líka að skoða hvernig börnin eru að koma frá leikskólanum inn í grunnskólann og fara yfir hvaða aðferð eða aðferðir henta best við lestrarkennsluna. Við höfum verið að innleiða

kennsluaðferðina Byrjendalæsi en einnig aðra aðferð – svonefnda PALS aðferð sem er skammstöfum fyrir enska heitið Peer assistand learning strategies sem hlotið hefur nafnið Pör að læra saman, kennsluaðferð sem hefur reynst árangursrík til að þjálfa lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum. Þar er verið að vinna með hljóðgreiningu og hljóðkerfisvitund. Við verðum að halda áfram að lesa fram eftir aldri. Ég er mjög bjartsýn á að þetta gangi eftir. Við þurfum að kynna foreldrum þetta og fá þá í lið með okkur og afar og ömmur geta líka haft miklu hlutverki að gegna. Mín von er að það skapist mikil og góð vitundarvakning í samfélaginu Breiðholti sem annars staðar. Við fullorðna fólkið verðum að sýna gott fordæmi með því að taka okkur bók í hönd og lesa sjálf. Ég hef mikinn áhuga á að fá fólk sem hætt er störfum á vinnumarkaði til

þess að koma í skólann til okkar og hlusta á krakkana lesa. Ég kem þessu hér með beint á framfæri og bið þá sem áhuga kunna að hafa að hafa samband við mig eða Gyðu deildarstjóra. Ég hef gaman af að fá fólk til mín og mér finnst gaman þegar ég skynja væntumþykju um skólann. Það skilar sér í skólastarfinu.“

Þjóðarvitund um lestur

Jónína segir að þjóðarvitund verði að koma til þegar lestrarkunnátta er annars vegar. Reykjavíkurborg hafi ákveðið að efna til átaks og þegar komi að börnum af erlendum uppruna og tvítyngdum börnum þurfi einnig að huga að móðurmáli þeirra. „Málið er að mikla nauðsyn ber til að börn af erlendu bergi brotin fái einnig kennslu í sínu móðurmáli. Foreldrarnir tala sitt móðurmál við börnin en ef börnin fá enga aðra kennslu þá er hætt við að þau læri ekki að lesa og skrifa texta á móðurmálinu. Þegar ég starfaði í Reykjanesbæ þá fengu krakkar af erlendu bergi kennslu í sínu eigin móðurmáli auk kennslu í íslensku og ensku þegar kemur að henni í grunnskólakerfinu.“

Heilsuefingin er stórt mál

Jónína vikur að öðru verkefni sem hún segir bæði stórt og þarft í Breiðholti. Það er verkefni sem nú er að fara af stað og kallast Heilsuefandi samfélag. Þarna sé Breiðholtið í fararbroddi til þess að hvetja til þess að fólk hugi að heilsu sinni og aðhyllist jákvæðan lífsstíl. „Við fengum krakkana í lið með okkur og nýttum okkur líka niðurstöður úr mjög góðri rannsókn Háskólans á Akureyri sem gerð var um heilsu og líðan barna. Það kom ýmislegt fram sem við gætum breytt í Breiðholtsskóla. Við sýndum krökkunum niðurstöðurnar og báðum þá um að koma fram með hugmyndir um hvað þeir vildu gera til þess að bæta heilsu og líðan sína. Þetta voru eldri krakkar en við eigum eftir að fara lengra niður aldursskalann – í yngri bekkina og fá hugmyndir þaðan.

Sárt þegar krakkar fara ekki í frístundastarf

„Mér finnst frábært að fá tækifæri til að koma að þessu. Það snertir krakkana engu síður og jafnvel enn meir en þá fullorðnu,“ heldur Jónína áfram, „Mér hefur til dæmis þótt sárt að sjá krakka sem fara ekki í neitt frístundastarf eftir skóla. Þetta eru börn niður í annan og þriðja bekk og mér finnst þetta alls ekki forsvaranlegt. Það

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

eru ekki margir og oftast engir heima á heimilunum á þessum tíma dags og við þurfum að finna leiðir til þess að fá þessa krakka inn í frístundastarfið. Það skiptir nefnilega máli hvað krakkarnir eru að gera á daginn. Námsárangur er mál samfélagsins í heild. Mér finnst ég finna fyrir vaxandi hugsun í þessa veru bæði hjá skólafólki og hjá foreldrum. Skólafólk hefur metnað til þess að gera vel og margir hafa verið að leita sér aukinnar þekkingar til viðbótar þeirri reynslu sem þeir hafa öðlast í starfi.“

Samfélagið er orðið miklu flóknara

Jónína segir miklar samfélagsbreytingar á undanförunum árum geri vaxandi og nýja kröfur til skólastarfsins. „Samfélagið er orðið svo miklu flóknara en það var fyrir ekki lengri tíma en tveimur áratugum. Upplýsingabyltingin hefur breytt mörgu og við verðum að staldra aðeins við og hugsa hlutina upp á nýtt. Þetta snertir bæði kennsluhætti og einnig betri að stöðu í skólunum. Lengi vel gátu kennarar tæpast sest niður í skólunum til annarra starfa því skólarnir voru tvísetnir og jafnvel þrísetnir. Litil eða engin aðstaða var fyrir hendi. Með auknum kröfum um viðveru kennara utan kennslustunda hefur þetta aðeins verið að breytast til batnaðar. Gamla kennarastofan fullnægir ekki lengur kröfum um aðstöðu fyrir kennara. Við þurfum að huga að því að ef við ætlum að stuðla að lærdómssamfélagi í grunnskólunum þá þurfum við að skapa aðstæður fyrir kennara til þess að læra og ígrunda eftir að kennslu lýkur á daginn. Það er grundvallaratriði svo skólaþróun eigi sér stað. Það eru búnar að vera miklar umræður um húsnaði Breiðholtsskóla og endurbætur sem þörf er á. Það mál er komið á dagskrá en ég get líka bent á mjög góða hluti. Við erum með frábæran samkomusal og Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts hefur aðstöðu í

skólanum hjá okkur. Hjá okkur eru líka kennslustundir í hljóðfæraleik á skólatíma. Þetta starf eykur lífsgæði barnanna í Bakkahverfinu.“ Jónína rifjar upp gömlu klisjuna um að heilt þorp þurfi til þess að ala upp barn. „Hún er alls ekki svo fjarstæðukennd þegar á allt er litið. Börn þurfa að hafa eitthvað fyrir stafni frá því að þau vakna á morgnana og fram eftir degi. Því er mikilvægt að þeim standi til boða að taka þátt í íþrótta- eða tómstundastarfi.“

Samstarfið eflir okkur

Jónína nefnir samstarfið við hina skólana í Breiðholti. Segir það gott. „Þegar við höfum endurskoðun skólanámskrárinnar með tillit til nýrrar námskrár ákváðu allir skólastjórnendurnir að vinna það saman. Samstarfið gerir ekkert annað en að efla okkur og hvetja til þess að gera enn betur. Með þessu er ég ekki að segja að skólarnir í Breiðholti eigi að vera einsleitir. Hver skóli getur haft sína sérstöðu þótt samstarfið sé fyrir hendi.“ Jónína nefnir að efnt hafi verið til samvinnu grunnskólanna í Breiðholti vegna vinnu við námsviðmið fyrir fjórða og sjöunda bekk. „Við fengum kennara úr öllum skólunum til þess að mynda hópa fyrir öll greinasviðin. Menntamálaráðuneytið óskaði síðan eftir því að fá fulltrúa kennara úr öllum grunnskólum Breiðholts til þess að sitja í nefnd sem vann að gerð þessara námsviðmiða hjá ráðuneytinu. Við erum afar stolt af því. Vinna af þessu tagi tekur lengri tíma og gerir stjórnunin flóknari en á móti kemur að árangurinn verður miklu meiri. Annað skemmtilegt dæmi um það hvernig við getum bætt skólastarfið með því að fá fulltrúa allra til þess að innleiða breytingar var þegar við settum á laggirnar matarráð en það var þegar við vildum auka ánægju nemenda með mótuneytið. Ráðið var skipað fulltrúum foreldra, nemenda og starfsmanna sem settu fram ýmsar breytingar en þar var þáttur foreldra mjög mikill.

Krakkarnir í mínum skóla voru ekki ánægð með mótuneytið og þá nýttum við þessa aðferðafræði til þess að fá þá til þess að koma með hugmyndir um hverju þau vildu breyta og bæta. Við erum líka búin að taka bókasafnið fyrir og breyta skipulagningunni þar. Við erum ekki lengur með sérstaka tölvutíma heldur samþættum við tölvufræðsluna við bóklegar greinar þar sem kennarar og nemendur vinna saman m.a. annars að því hvernig nýta eigi tölvutæknina til þess að leita heimilda, vinna úr þeim og skapa úrlausnir fyrir verkefni. Síðan þurfa krakkarnir að kynna verkefni og standa fyrir framan aðra nemendur og foreldra. Það er svolítið háskólabragð að þessu. Svona litla meistarovörnin“

Börnin eru þungamiðjan í skólastarfinu

Jónína segir að hugmyndin um öndvegisskóla hafi orðið til við samstarf grunnskólanna. Að markmiðið hafi verið tvíþætt. Annars vegar að hver og einn skóli setji eitt verkefni í öndvegi í hverjum árgangi. Hins vegar sé um að ræða öndvegisbúðir þar sem boðið er uppá sérhæfð námskeið sem eru sameiginleg fyrir nemendur í einum árgangi allra skólanna og skal a.m.k. eitt námskeið haldið í hverjum skóla fyrir sig. En þarna eru það ekki bara kennararnir sem ráða heldur eru ákvarðanir teknar sameiginlega af kennurum og nemendum.“ Jónína nefnir ýmsar hugmyndir að viðfangsefnum fyrir öndvegisverkefni. Ein er tengd náttúruvernd og unnin í samstarfi við samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs. Önnur verkefni tengjast uppfærslu á söngleik, leiksýningum, upplýsingamennt, stærðfræði og vísindum. Það er gaman að segja frá því að á síðasta skólaári voru tuttugu leiksýningar í boði nemenda.“

Menningarmót í Breiðholtsskóla

„Það hefur verið mikil gerjun í

skapandi listastarfi. Þar njótum við kennara sem lengi hefur starfað við skólann. Hún er mjög góður leikstjóri og eru þessi verkefni nú um helmingur af starfi hennar. Við höfum einnig verið að reyna að fá hina skólana í Breiðholti með í forritun. Við höfum boðið krökkunum á unglingasstíginu upp á að forrita vélmenni byggðu úr legokubbum. Forritunin er gott verkefni fyrir ungmennin hvort sem er í skólanum, í félagsmiðstöðvunum eða bara í bílskúrnun heima. Manauðurinn er allt í kringum okkur. Það þarf bara að finna hann og virkja ef hann kviknar ekki af sjálfu sér. Og nú stendur fyrir dyrum að halda menningarmót fyrir Bakkahverfið í Breiðholtsskóla að frumkvæði

foreldris í hverfinu laugardaginn 31. október. Við ætlum að fá allan þann fjölbreytileika sem er að finna í Bökkunum þar sem hver kynnir eitthvað frá sínu landi. Það getur verið matur, klæðnaður, tónlist, dans eða annað sem fólk vill koma með og kynna. Mér finnst að sumt fólk sem kemur erlendis frá haldi sig meira frá skólanum en heimaflókið. Það á þó ekki við um alla en fólk getur verið vant öðrum samskiptaformum en við viljum hafa og haldi sig til hlés. Þetta er samstarfsverkefni milli foreldra barna í Breiðholts-skóla og í leikskólunum í Bökkunum en þess má geta að verkefnið hlaut styrk frá hverfisráði Breiðholts,“ segir Jónína að lokum.

ÓKEYPIS AÐGANGUR

JAZZ Í HÁDEGINU

Dægurperlur Magga Eiríks með ferskum blæ | Sunna Gunnlaugsdóttir og Leifur Gunnarsson

Föstudaginn 18.september kl. 12.15-13.00
Sunnudaginn 20.september kl. 13.15-14.00



Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanóleikari og tónskáld, sveipar dægurlög Magga Eiríkssonar nýjum töfraljóma með skemmtilegum og ferskum útsetningum. Leifur Gunnarsson leikur með á kontrabassa.

BÓKAKAFFI | Ástin, drekinn og Auður djúpuðga | Vilborg Davíðsdóttir

Miðvikudag 23. september kl. 20.00



Vilborg segir frá skrifum sínum um Auði í máli og myndum og einnig nýjustu bók sinni, Ástin, drekinn og dauðinn. Þar fjallar hún um vegferð sína og manns síns með sjúkdómnum sem þau vissu að myndi draga hann til dauða. Bókakaffið er í kaffihúsinu

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Bókasafnið er opið:
mán-þri og fim 10-18, mið 10-21,
fös 11-18, lau og sun 13-16

Gerðubergi 3-5, sími 411 6170
gerduberg@borgarbokasafn.is
www.borgarbokasafn.is



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Þorsteinn Elísson útfararþjónusta
Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta
Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri
Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta
Jón G. Bjarnason útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta
Kattla Þorsteinsdóttir lögfræðipjónusta
Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Hraunbergsapótek

Heilbrigð skynsemi

- ✓ Nýtt **einkarekið apótek**
- ✓ Lyf á **lægra verði**
- ✓ **Persónuleg** og hlýleg þjónusta
- ✓ Góður afsláttur fyrir **eldri borgara** og **öryrkja**

- ✓ Opið 8:30-18 á virkum dögum
info@hraunbergsapotek.is
- ✓ Fésbók: Hraunbergsapótek
Hraunbergi 4
111 Rvk
530 9500
- ✓ **Fríar** heimsendingar
- ✓ Lyfjafræðileg **ráðgjöf**



Systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Helgi Valgarðsbörn.

Síðustu forvöð að sjá sýninguna Fima fingur

Skemmtileg sýning hefur verið í Boganum í Félagsstarfinu í Gerðubergi og lýkur henni 27. september n.k. Sýningin nefnist Fimir fingur og byggist á handverki þriggja systkina. Einn af systkinunum Óskar Henning Valgarðsson er gamall Breiðhýltingur.

Öll eru systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Helgi Valgarðsbörn hagleiksfólk gædd miklum listrænum hæfileikum. Þau sýna fjölbreytta listmuni í

Boganum. Þar má nefna kríur unnar úr þorskbeinum, ýmis verk unnin úr kopar svo sem smágerða rokka, kertastjaka og laufabrauðsjárn. Einnig eru á sýningunni silfurskartgripir og tréútskurður ásamt myndverkum unnin í akrýl og vatnslit. Verk systkinanna einkennast af vönduðu handbragði, unnin af miklum hagleik og einstakri natni og næmni fyrir efniviðnum. Og nú eru síðustu forvöð að sjá sýningu þeirra.

Óskir íslenskra barna í Gerðubergi

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna stendur nú yfir í borgarbókasafninu í Gerðubergi. Sýningin samanstendur af myndum Ástu Kristjánsdóttur ljósmyndara sem byggja á sönnunum reynslusögum íslenskra barna sem hafa upplifað ofbeldi, vanrækslu, einelti eða búið við fátækt. Sýningin er á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og var öll vinna við hana unnin í sjálfboðastarfi.

„Það var virkilega áhugavert að sjá hvað skilaboðin í myndunum náðu til fólksins,“ segir Ásta í tilkynningu frá Barnaheillum. „Bæði börn og fullorðnir voru djúpt snortin af reynslusögum barnanna. Sumir spurðu hvort þetta væru í alvöru íslensk börn og það fékk á þá að þetta væri raunveruleiki á Íslandi.“ Í sýningunni er lögð mikil áhersla á að fræða börn um mannréttindi sín og hvert hægt sé að leita ef



Hér má sjá eina af myndunum á sýningunni. Myndin er frá Barnaheillum.

þau telja að brotið sé á þeim sjálfum eða einhverjum sem þau þekkja. Sýningin er opin fram í

janúar og foreldrar hvattir til að aðstoða börnin við að skoða sýninguna út frá réttindum þeirra.

www.breiðholt.is

Full búð af nýjum og spennandi haust og vetrarfatnaði.

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

KAFFI 111
GERÐUBERGI



Heitur matur í hádeginu alla virka daga
Kaffi – kökur – smáréttir

Opið alla virka daga frá kl. 8 – 18
(Mánudaga og miðvikudaga frá kl. 8-21)
Laugardaga og sunnudaga frá kl. 13 – 16

CATERING SERVICES **ISS**

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Móðurmálið er lykilþáttur

Fjár sjóðskista tungumálanna var yfirskrift málþings og námsstefnu Móðurmáls samtaka um tvítýngi og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar þann 21. til 22. ágúst síðastliðinn í Gerðubergi og Hólabrekkuskóla. Aðalfyrirlesari var Deirdre Kirwan skólastjóri Scoil BhrídeCailíní skólans á Írland sem hefur vakið athygli fyrir góðan árangur í því að nýta fjöltyngi og fjölbreyttan bakgrunn nemenda á jákvæðan hátt í skólastarfinu.

Rannsóknir hafa sýnt að móðurmálið er lykilþáttur í sjálfsmynd fólks, erfiðara að læra annað tungumál ef viðkomandi hefur ekki náð tökum á móðurmálinu sem er grunnur að skilningi á öðrum tungumálum.

Á bak við samtökin Móðurmál stendur fjölbreyttur hópur fólks og hópa sem bjóða upp á kennslu (www.modurmal.com) á yfir 20 tungumálum. Kennslan er að langstærstum hluta fjármögnuð með sjálfboðavinnu en síðustu ár hefur Reykjavíkurborg styrkt samtökin sem hafa á móti tekið þátt í fjölbreyttu kynningar- og skólaþróunarstarfi í tengslum við fjöltyngdi og móðurmálskennslu í borginni. Dæmi um samstarfsverkefni Móðurmáls og Reykjavíkurborgar eru farkennarar sem hafa unnið í leikskólum og í haust er að fara af stað verkefni sem felst í því að tveir tvítýngdir farkennarar sem munu fara á milli grunnskóla til að bjóða upp á móðurmálskennslu og kynna kennsluaðferðir sem styðja við tvítýngi. Móðurmálssamtökin voru formlega stofnuð og fengu kennitölu 2001 en höfðu þá starfað síðan 1994 og urðu því 20 ára á síðasta ári.

Íslendingar tækifærissinnar er kemur að tvítýngi og fjölmenningu

Opnunarerindi málþingsins var flutt af Toshiki Toma sem var einn af stofnendum samtakanna sem þá samanstóðu af fimm móðurmálshópum þar á meðal japanska hópnum sem Toshiki hélt utan um. Toshiki lagði áherslu á að móðurmálskennsla og tvítýngi væru ekki einkamál innflytjenda heldur málefni samfélagsins í heild sinni. Íslendingar eru tækifærissinnar er kemur að fjölmenningu og tvítýngi, þeir vilja njóta ávaxtanna en ekki leggja út fyrir þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er til að uppskera sagði Toshiki. Börn Toshiki sem nú eru fullorðin eru eftirsótt á vinnumarkaði þar sem fyrirtæki og stjórnvöld vilja byggja upp ferðaþjónustu og viðskipta-sambönd við Japan en samt sem áður nýtur móðurmálskennsla ekki enn stuðnings stjórnvalda nema að litlu leiti og er ekki orðin hluti af formlega skólakerfinu. Toshiki lagði áherslu á að mikilvægt væri að foreldrar gefist ekki upp á að tala við börnin sín á móðurmálinu og viðhalda því sem er erfitt í umhverfi þar sem móðurmálið heyrir sjaldan eða aldrei. Ég talaði við yngsta son minn á japönsku í langan tíma áður en ég fékk svar en nú talar sonurinn japönsku eins og innfæddur auk þess að hafa mjög góða þekkingu á japanskri menningu en fjölskyldan reyndi að fara reglulega í heimsókn til Japans sagði Toshiki.

Tvítýngi styður bæði við tvítýngd börn og aðra nemendur

Deidre er með doktorsgráðu í tungumálakennslu frá Trinity



Stoltir aðstendendur og þátttakendur þær: Fríða Bjarney Jónsdóttir Skóla- og Frístundasviði, Renata Peskova Móðurmáli, Déirdre Kirwan og Hanna Ragnarsdóttir Rannsóknasetur HÍ um fólksflutninga og fjölmenningu.

háskólanum í Dublin og hefur unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði tungumálakennslu og staðið fyrir fjölda námskeiða fyrir kennaranema grunn- og framhaldsnámi auk þess að vera velgjörðarsendiherra tungumála hjá Evrópusambandinu. 300 börn eru Bhríde skólanum en um 80% þeirra eru tvítýngd og samtals tala þau um 50 tungumál. Formlegu tungumálin í skólanum eru enska og írski en nemendur eru hvattir til að nota móðurmálið í skólastarfinu. Árangur skólans hefur vakið athygli en hann er yfir meðallagi þrátt fyrir eða kannski einmitt vegna fjölbreytts bakgrunns nemenda.

Þarf að hvetja til en ekki banna móðurmál í skólunum

Það hefur verið við lýði sá misskilningur í skólum að hvetja

foreldra til þess að tala ekki móðurmálið við börnin sín heldur leggja áherslu á að tala og þjálfa barnið í tungumáli viðkomandi lands með þeim rökum að það að tala móðurmálið daglega komi í veg fyrir að börnin læri íslensku eða ensku. Skólarnir eiga þvert á móti að virða og hvetja foreldra og nemendur til að tala sitt móðurmál. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldra tala ekki móðurmálið við börnin sín þá tapast móðurmálið auk þess sem foreldrar eru yfirleitt ekki réttu aðilarnir til að kenna börnunum tungumál viðkomandi lands enda hafa þeir oft ekki náð nægilega góðum tökum á því sjálfir, á meðan kennarar í skólanum eru sérmenntaðir til slíkrar kennslu. Foreldrar eru best til þess fallnir að viðhalda færni barna sinna í móðurmálinu og ef það tapast þá bitnar það oft á samskiptum foreldra og barna sem síðar getur leitt til félagslegra vandamála og lélegs námsárangurs.

Kennarar þurfa ekki að tala öll tungumál

Kennarar þurfa ekki að tala tungumál nemenda til að nýta tvítýngdi í kennslunni, fjölbreyttur bakgrunnur nemenda getur verið kveikja að skemmtilegum umræðum um málfræði og uppbyggingu ólíkra tungumála, umræðu sem gagnast öllum nemendum og gerir kennsluna áhugaverðari. Þessi nálgun styður við sjálfsmynd nemenda, styður við annað tungumálanám, eykur víðsýni og skilning á ólíkum menningarheimum og kennara eru stöðugt að læra og þróa sínar aðferðir. Það er ekki óalgengt að rekast á sex ára gamla samanburðarmálfræðinga á göngum skólans, krakka sem eru að bera saman ólíkar beygingar orða á þremur tungumálum sagði Deidre.

Aðspurð um hvort hægt væri að nálgast upplýsingar um kennsluaðferðir og verkefni þá kom fram að verið er að vinna að gagnabanka á heimasíðu skólans þar sem kennarar geta miðlað af reynslu og samnýtt verkefni sagði Deidre.

Móðurmálskennslu þarf að verða skilgreindur hluti af skólakerfinu

Mikill vöxtur er í móðurmálskennslu og stöðugt bætast ný tungumál í hópinn þó ekki sé boðið upp á móðurmálskennslu í öllum þeim tungumálum sem innflytjendur tala. Þess má geta að um 100 nemendur hafa bæst við Pólska skólann frá því í fyrra en samtals eru um 300 nemendur skráðir í skólann næsta haust sem hefur skapað ákveðinn vanda þar sem ekki er búið að semja um húsnæði fyrir skólann og óvíst hvort það húsnæði sem pólski skólinn hefur haft til umráða í Fellaskóla dugi til næsta vetur.

SGK



Hólagarður • Lóuhólar 2-4 • 111 Reykjavík • S. 557 5959

Við eigum 1 árs afmæli í október!!

Af því tilefni verður opið hús föstudaginn 2. október kl. 16-18.

Léttar veitingar í boði og 15% afsláttur af öllum vörum.

Endilega kíkið við – hlökkum til að sjá ykkur.

ARTDECO

[comfort zone]

Myndlistarskóli
Kópavogs

Láttu
DRAUMINN
rætast

Innritun á haustnámskeiðin er hafin.

Skoðið heimasíðuna
www.myndlistaskoli.is



Farið var í ýmsa leiki á afmælishátíðinni.

Fjörutíu ára afmælishátíð lauk með grillveislu og leikjum

Gleðin skein úr hverju andliti, hvort sem um var að ræða nemendur eða starfsmenn á afmælishátíð Ölduselsskóla sem haldin var nýlega segir m.a. á heimasíðu skólans.

Þann dag var verið að ljúka 40 ára afmælishátíð sem staðið hefur yfir í heilt ár. Dagurinn hófst

á sal þar sem, Helga Sigmundsdóttir kennari stjórnaði léttari upphitun áður en allir gengu um hverfið í góðu veðri. Að gönguferðinni lokinni var aðstöðu nýrrar skólalóðar notið. Hamborgara voru grillaðar og farið í ýmsa starfstengda leiki úti og inni.

Arnhildur nýr organisti í Fella- og Hólakirkju

...biður sem flesta að koma í kórinn

Arnhildur Valgarðsdóttir er nýráðinn organisti við Fella- og Hólakirkju. Hún segir að blómlegt tónlistarstarf verði að venju í vetur í Fella- og Hólakirkju. "Kirkjukórinn fór af stað í byrjun september og það er von mín að Breiðholtsbúar sem og aðrir sem eru áhugasamir um kórsöng hiki ekki við að hafa samband. Það er margt spennandi á döfinni í kórstarfinu eins og Menningarkvöld seint í október og margt fleira," segir hinn nýráðni organisti í spjalli við Breiðholtsblaðið. Arnhildur nefnir einnig að gaman væri að kirkjukórsstarfið endurspeglaði þann samhug og áhugaverða fjölbreytileika sem gerir Breiðholtið að skemmtilegu hverfi. Hún kveðst binda miklar vonir við að fólk komi í kórinn.

Þá er gaman er að segja frá því að Arnhildur hefur stofnað nýjan kór í hverfinu í samvinnu við Fjölbautaskólann í Breiðholti. "Ég vona að sem flestir söngelskir nemendur skólans komi í kórinn. Það er mjög góð leið til að kynna og eiga dýrmætar samverustundir með skólafélögnum. Kórinn mun m.a. taka þátt í Æskukóramóti í Hörpunni sem fram fer í febrúar. Einnig stendur til að fara í ferð austur á Laugarvatn og hitta annan æskukór þar. Kórinn mun halda tónleika í vor í kirkjunni með landspekkum söngvara. Ég tel að fyrir ungt fólk sé svona starf afar félagslega gefandi og skemmtilegt og mjög góð hugmynd t.d. fyrir nýnemana. Hlýlega verður tekið á móti öllum." Arnhildur segir að síðast en ekki síst beri að nefna Litrófi sem hefur verið afar vinsælt. „Yngri hópur er fyrir börn í 3. til 6. bekk og eldri hópur fyrir 7. til 10. bekk. og við munum syngja af hjartans lyst, förum í skemmtilegt ferðalag og svo verða báðir Litrófshóparnir með jólatónleika með Grétu Salóme og hljómsveit þann þriðja desember í kirkjunni." segir Arnhildur. Hún kveðst hlakka mikið



Arnhildur Valgarðsdóttir organisti við Fella- og Hólakirkju.

til að fá að starfa í Fella- og Hólakirkju, kirkjurýmið sé einstaklega vel fallið til tónlistarflutnings, framúrskarandi hljóðfæri og öll aðstaða til fyrirmyndar fyrir organistana. „Íbúar í Fella- og Hólabrekku sókn mega vera gríðarlega stoltir og ánægðir með sína kirkju. Í framtíðinni vona ég að ég fái að sjá og starfa með sem allra flestum héðan úr hverfinu okkar." Arnhildur er með netfangið arnhildurv@simnet.is og símanúmerið 6987154. Og svo er bara að skrá sig í kórinn.

ÍSÞÚÐIN
Kjörís LÓUHÓLUM
www.isbud.is

Opið: Virka daga 16-22 og um helgar 14-22.

Líter af ís og köld sósa
900 kr.-

Líter af ís, köld sósa og nammibox
1000 kr.-



Taktu með heim liter

Fjölbreytt helgiöld og safnaðarstarf í Breiðholti í vetur



Fella- og Hólakirkja

Guðspjónusta í kirkjunni alla sunnudaga kl. 11 fyrir hádegi. Sunnudagaskóli alla sunnudaga á sama tíma

Auk þess stendur kirkjan fyrir fjölbreyttu safnaðarstarfi fyrir alla aldurshópa.

- Leikjafjörir fyrir krakka í 4.-7. bekk.
- Unglingastarfi fyrir unglunga í 8.-10. bekk.
- Eldri borgarastarfi vikulega.
- Blómlegu tónlistarstarfi fyrir alla aldurshópa.
- Litrófi – stúlknakór kirkjunnar.
- Foreldramorgnum.
- Menningarkvöldum og samverum.
- Fræðslu- og stuðningshópum.

Allt er þetta nánar tilgreint á heimasíðu kirkjunnar www.fellaogholakirkja.is

Einnig má finna okkur á Facebook síðu kirkjunnar

Við bjóðum alla velkomna í skemmtilegt og uppbyggjandi kirkjustarf



Breiðholtskirkja

Fjölbreytt helgiöld og safnaðarstarf er í kirkjunni yfir vetarmánuðina. Starfið er öllum opið og endurgjaldslaust.

Messur með altarisgöngu eru í kirkjunni hvern helgan dag kl. 11 og sunnudagaskóli á sama tíma. Síðasta sunnudag í mánuði er þó fjölskylduguðspjónusta kl. 11 og Tómasarmessa kl. 20.

- Kirkjukrakkar – starf fyrir 6-9 ára börn miðvikudaga kl. 16:00 – 17:00.
 - TTT – starf fyrir 10-12 ára börn miðvikudaga kl. 17:30 – 18:30.
 - Foreldramorgnar föstudagsmorgna kl. 10-12.
 - Kyrrðarstundir í hádeginu á miðvikudögum. Boðið upp á léttan málsverð á eftir.
 - Maður er manns gaman - Samverur eldri borgara annan hvern miðvikudag kl. 13:15.
 - Biblíulestrar fimmtudaga kl. 20 (10 vikur á haustmisseri og 10 vikur á vormisseri).
 - Hollvinafélag kirkjunnar fundar fjórum sinnum á vetri auk þess að stuðla að virkri þátttöku félagsfólks í starfi og gleði safnaðarins.
 - Kirkjukór og annað tónlistarstarf.
 - Messuhópar og ýmiskonar fræðslu- og stuðningsstarf.
- Nánari upplýsingar um starfið má fá á heimasíðu kirkjunnar www.breidholtskirkja.is



Seljakirkja

Í Seljakirkju er fjölsbreytt starf í hverri viku fyrir alla aldurshópa. Fylgist nánar með á heimasíðu kirkjunnar www.seljakirkja.is.

Sunnudagur
Barnaguðspjónusta kl. 11.
Guðspjónusta kl. 14.

Mánudagur
Barnakór 1.-3. bekkur kl. 14.

Þriðjudagur
Foreldramorgunn kl. 10.
Barnastarf 1. bekkur kl. 14:30.
Barnastarf 2. og 3. bekkur kl. 15:30.

Leikjafjörir KFUM & K kl. 17.
Menningarvaka eldri borgara kl. 18.
(Síðasta þriðjudag í mánuði).
Kóræfing hjá Kór Seljakirkju kl. 19:30.

Æskulýðsfélagið Sela kl. 20.

Kvenfélag Seljasóknar kl. 19:30.
(Fyrsta þriðjudag í mánuði).

Miðvikudagur
Barnakór 4. bekkur kl. 14.
Barnakór 5.-6. bekkur kl. 14:30.

Fimmtudagur
Bænastund kl. 11:30, léttur hádegismatur í lok stundarinnar.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Graenir 
SKÁTAR
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

„Með bros á vör“

Heiðrún Kristín með tónleika í Fella- og Hólakirkju

Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir efnir til tónleika í Fella- og Hólakirkju laugardaginn 19. september næstkomandi, klukkan 16. Með henni syngja þau Davíð Ólafsson, Kristín R. Sigurðardóttir og Helga Magnúsdóttir og meðleikarar eru Julian M. Hewlett á píanó, Símon H. Ívarsson á gítar og Guðni Franzon á klarinett.

Yfirskrift tónleikanna, „Með bros á vör“, vísar meðal annars til lagsins Smile sem Heiðrún hefur haft sér til halds og trausts í erfiðum veikindum undanfarin misseri. Hún greindist með krabbamein haustið 2013 en er nú laus við þann fjanda eftir mikla og taugastrekkjandi baráttu þar sem mjög reyndi á þann hæfileika að geta kallað fram bros þegar örvæntingin ætlaði að ná yfirhöndinni.

„Fyrir tveimur árum, þegar ég greindist með krabbameinið, var ég einmitt að fagna því að þá voru liðin tíu ár frá því ég losnaði við flogaveikina, sem hafði fylgt mér í meira en 20 ár. Það var erfitt að fá aftur annan erfiðan sjúkdóm. Hitt var alveg nóg. Og ekki skánaði það þegar verkföllin hófust á sjúkrahúsinu síðasta vetur. En þá var það söngurinn sem hjálpaði mér, og brosið. Og nú er kominn tími til að fagna því að vera orðin laus við þetta allt saman, og þá langar mig að halda tónleika.“



Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir fagnar góðum bata og afmæli með tónleikum í Fella- og Hólakirkju á laugardaginn kemur.

Annað tilefni tónleikanna er fimmtugsafmæli Heiðrúnar, sem reyndar var í júlí. „Ég er ekki vön því að halda upp á afmæli með miklum veisluhöldum, en svona einu sinni langar mig að fá fólk til að njóta stundarinnar með mér í söng og gleði. Þetta verður bara skemmtilegt.“

Á tónleikunum verður flutt ljúf og skemmtileg tónlist úr ýmsum áttum, þar á meðal bandarísk dægurlög á borð við Moon River, Strangers in the Night og Fly Me to the Moon, nokkrar klassískar

perlur eins og dúettinn Barcarolle eftir Offenbach, sem Heiðrún syngur með Kristínu, íslenskir gullmolar á borð við Hrísluna og lækinn eftir Inga T. Lárusson og Hugur vor flýgur eftir Gunnar Reyni Sveinsson, og svo auðvitað lagið hans Charlie Chaplins, Smile, sem sönghópurinn Boudoir syngur með Heiðrúnu.

Heiðrún hefur tvisvar áður haldið einsöngstónleika, fyrst árið 2011 og síðan 2013, í bæði skiptin í Fella- og Hólakirkju.

Nú stækkar Kór Seljakirkju

Söngelskir hafi samband hið snarasta við Tómas kórstjóra
í síma 866-1823 eða netfangið tomaseggertsson@gmail.com
Skemmtileg haustönn er að hefjast!

Tónleikar Vinátta
Samræður Fegurð
Aðventa Hugmyndir Samvera Kórstjóri
Latína Tenór Frelsi Sópran
Hljómar Nótur Eyru Agi
Alt Þríundur Undirleikur
Raddþjálfun Tónlist Hammond-orgel
Sálmar Kátína Kórverk Bassi
Samsöngur Æfingar Kaffi
Þagnir Raddbönd Röddun
Pásur Guðspjónustur Orgel

Mariubakinn fær verðlaun

Fjölbýlishúsið við Mariubakka 2 til 6 var á meðal þeirra húsa sem hlaut umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar að þess sinni.

Árlega eru veittar viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölbýlishúsalóðir. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Hjalmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs afhentu fegrunarviðurkennin-garnar við hátíðlega athöfn í Höfða fyrir nokkru.

Mariubakki 2 til 6.



Seljahlíð – heimili aldraðra í Breiðholti.

Félagsstarfið í Seljahlíð er komið á fullt

Félagsstarfið í Seljahlíð í Hjallaseli 55 er komið á fulla ferð nú á haustnóttum. Starfið er hluti af starfsemi á vegum Velferðasviðs Reykjavíkurborgar sem er starfrækt á þremur stöðum í Breiðholti. Seljahlíð Heimili aldraðra einn þeirra staða ásamt Gerðubergi og Árskógum.

Félagsstarfið í Seljahlíð sem er heimili aldraðra og er rekið með stuðning en einnig er um að ræða opið félagsstarf þangað sem allir eru velkomnir. Í félagsstarfinu er lögð áhersla á reglubundna hreyfingu og er leikfimi alla virka daga. Einnig er leirmótun og almennt handverk, eins og t.d. handþrjón, útsaumur og taumálun o.fl. Spiluð er Boccia. Helgistund er í höndum presta

Seljakirkju. Í Seljahlíð er eldaður hádegismatur og hægt að kaupa mat alla daga vikunnar auk þess sem sjúkrahjálfun er á heimilinu.

Fyrir utan venjubundið félagsstarf er ýmislegt á döfinni í september og október. Fornbílaklúbburinn bauð í hefðbundna ökuferð um borgina. Haustuppskeruhátíð er nýlega lokið og handverkssýning verður 27. og 28. september. Í október koma gamlir félagar úr fóstbræðrum með söngskemmtun og loks verður Seljagleðin sem er árshátíð heimilismanna. Dagskrá og matseðill liggja frammi á staðnum, einnig er hægt að fá nánari upplýsingar í síma 540-2400.

BREYTINGAR Á GRENNDARGÁMUM

– nýtt og betra kerfi í febrúar 2016.

Tímabundnar breytingar verða á söfnunargámum frá september – febrúar 2016 og því mögulegar raskanir á þjónustu.

Nýtt grenndargámakerfi byggir á stærri gámum og auknum flokkunar-möguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna.

Minnum á endurvinnslustöðvar SORPU.



facebook.com/flokkumogskilum



★ www.tattoo.is ★

★ **CLASSIC TATTOO** ★

★ **REYKJAVÍK** ★

★ Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga ★

★ tattoo@tattoo.is ★

simi: 7722171

Amarþakki 2

Rýmum fyrir nýjum vörum í barnafatnaði

20% afsláttur
til septemberloka

Móðjó

Í göngugötuni í Mjódd



Öflug starfsemi hjá ÍR

Endurskipulag barna- og unglingastarfs

Í haust stendur yfir endurskipulagning og uppbygging barna- og unglingastarfs hjá Knattspyrnu-deild Íþróttafélags Reykjavíkur, ÍR. Markmiðið með breytingunum er að efla íþrótt- og tómstundastarf á vegum félagsins og mæta enn betur en áður þörfum ungra iðkenda og foreldra þeirra.

Meiri þjónusta fyrir yngstu iðkendurn

Hluti af þjónustu við unga iðkendur er ÍR-rútan sem hefur keyrt hring um Breiðholtið, sótt börn á frístundaheimili og keyrt þá á æfingar á ÍR-svæði, í Breiðholtsskóla, Austurbergi og íþróttahúsi Seljaskóla. Í Austurbergi hefur verið rekin frístund fyrir börn sem eru á æfingum þar. Nú mun rútan bæta æfingasvæðum við hringferð sína og auðvelda þannig börnum úr efra Breiðholti að sækja æfingar í Seljaskóla og á ÍR-svæði. Auk þess býður ÍR upp á gæslu í ÍR-heimilinu seinnipartinn þá daga sem æfingar fara fram á svæðinu.

Fjölgun flokka og ferðalög

Stefnt er að fjölgun flokka í knattspyrnudeild ÍR í haust, með því að starfrækja bæði 3. flokk karla og kvenna en unnið er að skipulagningu þeirra flokka. Auk þessa er staðfest að 4. flokkur kvenna verður nú sjálfstætt starfræktur hjá ÍR og Helga Dagný Bjarnadóttir, leikmaður meistara-flokks, mun þjálfá flokkinn. Stefnt er að æfinga- og/eða keppnisferðum með eldri iðkendum í vetur.

Nýr yfirþjálfari

Breytingar verða á þjálfarahópi ÍR á nýju tímabili, þjálfarar hætta og nýir taka til starfa. Jakob Hallgeirsson sem hefur þjálfað 4. flokk hætti þjálfun en heldur áfram að vinna hjá félaginu sem yfirmaður íþróttavalla og íþróttahúsa sem ÍR rekur. Halldór Halldórsson sem hefur starfað sem yfirþjálfari kveður félagið eftir 13 ára farsælt starf. Dóri hefur á þessum árum þjálfað flesta flokka félagsins og gengið í hvað eina sem þörf hefur verið á, Dóra eru hér með þökkun vel unnin störf í þágu félagsins og honum óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Við starfi yfirþjálfara tekur Sigurður Þórir Þorsteinsson.

Sigurður Þórir

Sigurður Þórir Þorsteinsson er uppallinn ÍR-ingur, hefur spilað með öllum flokkum félagsins og þjálfað þá flesta, auk þess sem hann hefur þjálfað hjá öðrum félögum. Sigurður er íþróttakennari að mennt, með UEFA A Diploma gráðu í knattspyrnuþjálfun frá Knattspyrnusambandi Íslands, hjá KSÍ hefur hann tekið þátt í þjálfun knattspyrnuþjálfara og er jafnframt formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands. Það

er mikill fengur fyrir ÍR að fá svo reynslumikinn og metnaðarfullan einstakling til starfa. Sigurður er boðin hjartanlega velkominn til starfa hjá knattspyrnudeild ÍR.

Þegar Sigurður var spurður um áform hans í nýju starfi sagðist hann setja sér langtíma markmið með það að leiðarljósi að efla knattspyrnudeildina og fjölga börnum og unglingum hjá ÍR, bæði hjá stúlkum og drengjum. Hann leggur áherslu á að styrkja og mennta þjálfara félagsins með námskeiðum en einnig mun hann miðla með þeim af sinni eigin þekkingu og reynslu sem Sigurður hefur mikið af þar sem hann hefur unnið við

að mennta knattspyrnuþjálfara hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Hvað langtíamarkmið varðar segist Sigurður segist horfa til þess að Knattspyrnu-deild ÍR var stofnuð árið 1970 og verður því 50 ára árið 2020 og telur Sigurður mikilvægt að horfa til þeirra tímamóta með það í huga að á afmælisárinu verði starfsemi deildarinnar öflug og sterk. Til þess að ná því markmiði segir hann mikilvægt að stór og samstíga hópur vinni að því í sameiningu og leggur hann því áherslu á öflugt samstarf iðkenda, foreldra, þjálfara og annarra hagsmunaaðila innan félagsins.



Sigurður nýr yfirþjálfari ásamt Halldóri fráfarandi yfirþjálfara.



Stelpur, viljið þið koma í fótbolta?

Dziewczyny, chcecie grać w piłkę nożną?

Sa mga batang kababaeahan, gusto nyo bang sumali sa football?

Girls do you want to try out football?

Íþróttafélag Reykjavíkur mun í vetur bjóða upp á knattspyrnuæfingar fyrir allar stelpur í Breiðholti. Þær sem hafa áhuga eru velkomnar að mæta á æfingar til að prófa og kynna sér málið. Nánari upplýsingar um flokkaskiptingu og æfingatíma er að finna á vef ÍR:

www.ir.is

Ang Íþróttafélag Reykjavíkur ay nag-aalok ngayong taglamig ng pagsasanay sa football sa lahat ng mga batang kababaeahan sa Breiðholt. Sa mga gustong sumali ay magtungo sa pagsasanay para subukan at pag-aralan ang laro. Para sa karagdagang impormasyon tungkol sa pangkat at oras ng pag-ehersisyo ay mahanap sa ÍR:

www.ir.is

Ośrodek sportowy IR zaprasza w zimę wszystkie dziewczęta na Breiðholtcie w piłkę nożną. Osoby zainteresowane zapraszamy do próbne treningi. Dalsze informacje na ten temat można znaleźć na stronie internetowej IR:

www.ir.is

Íþróttafélag Reykjavíkur offers football practices for girls in Breiðholt. Anyone interested is welcome to a few practice sessions to try it out. Information about agegroups and training schedules can be found on ÍR's website:

www.ir.is



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Knattspyrna hjá ÍR fyrir stúlkur í Breiðholti

Íþróttafélag Reykjavíkur rekur öfluga starfsemi í kvennaknattspyrnu. Hjá félaginu er boðið upp á æfingar fyrir stúlkur frá 5 ára aldri. Allar stelpur eru velkomnar að æfa knattspyrnu með ÍR og þjálfarar taka vel á móti nýjum iðkendum. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér íþróttina þurfa bara að mæta á æfingu og gefa sig fram við þjálfara.

Efling starfsemi kvennabolta í vetur

Í vetur verður lögð áhersla á efla og endurskipuleggja kvennaknattspyrnu hjá Breiðholti. Liður í þessar auknu starfsemi er að bjóða aftur upp á æfingar fyrir 4. flokk kvenna hjá ÍR eftir nokkur hlé og stefnt er að rekstri 3. flokks. Til að reka fleiri flokka þarf fleiri þjálfara og hefur ÍR fengið Helgu Dagný Bjarnadóttur, leikmann meistaraflokks til að þjálfar 4. og 5. flokk og henni til aðstoðar verður Kristján Ari Halldórsson.

Æfinga- og keppnisferð

Meðal þess sem er fyrirhugað



Hressar stúlkur úr 6. flokki kvenna ásamt þjálfara á æfingu í Austurbergi.

hjá ÍR stúlkum í vetur er æfinga- og keppnisferð erlendis. Búist er við að þetta verði skemmtileg ferð hjá hressum stúlkum ásamt þjálfurum og farastjórum úr hópi foreldra. Það er ennþá tækifæri til að bætast í hópinn fyrir stúlkur sem hafa áhuga á að spila knattspyrnu og skemmta sér.

ÍR-ungar

Stúlkum í 1. og 2. bekk stendur til boða að stunda sex íþróttagreinar fyrir eitt æfingagjald hjá ÍR. Þannig fá þær tækifæri til að kynna sér margar íþróttagreinar, þá geta þær flutt sig á milli íþróttagreina og æft eins mikið

og þeim hentar. Þetta er kjörin leið fyrir þær að fá tækifæri til að átta sig á því hvaða íþróttagrein þeim þykir skemmtilegust án þess að binda sig við eina grein til lengri tíma. Flestar æfingar ÍR-unga fara fram í íþróttahúsinu við Austurberg milli klukkan 15

og 17 á virkum dögum. Foreldrum sem vilja meiri upplýsingar um starf knattspyrnudeildar og æfingar yngri flokka er bent á að kynna sér heimasíðu ÍR eða hafa samband við skrifstofu félagsins.

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza
Sími: 557 1414

www.breidholt.is

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnud.	Þjálfarar
8.fl.barna (10 og yngri)							Seljaskóli Kl.09:00-10:00	Helgi F. Þorsteinsson 691-1839 helgiostur@gmail.com
7.fl.ka. (08,09)	Gervigras ÍR Kl. 17:00–18:00	Gervigras ÍR Kl. 15:00–16:00		Yngri Austurberg Kl.16:00-17:00 Eldri Gervigras ÍR 17:15-18:15				Kristján Gylfi Guðmundsson 899-5673 kristjangylfi@gmail.com
7.fl.kv. (08,09)		Austurberg Kl.16:00-17:00		Austurberg Kl.15:00-16:00			Seljaskóli Kl.09:00-10:00	Róbert Jóhannsson 868-9603 ruberamo@gmail.com
6.fl.ka. (06,07)	Gervigras ÍR Kl. 16:00–17:00	Gervigras ÍR Kl. 16:00–17:00			Egilshöll Kl. 17:20 – 18:30			Kristján Gylfi Guðmundsson 899-5673 kristjangylfi@gmail.com
6.fl.kv. (06,07)		Egilshöll Kl. 17:30 – 18:30	Austurberg Kl.15:00-16:00				Seljaskóli Kl.10:00-11:00	Ástrós Eiðsdóttir 616-8093 aeidsdottir@gmail.com.com
5.fl.ka. (04,05)	Gervigras ÍR Kl. 17:30 – 18:30		Gervigras ÍR Kl. 18:00-19:00		Gervigras ÍR Kl. 16:30–17:45			Dragi Pavlov 861-7021 suzanapavlova@hotmail.com
5.fl.kv. (04,05)		Egilshöll Kl. 17:30-18:30			Gervigras ÍR Kl. 17:00-18:00	Gervigras ÍR Kl. 11:00-12:00		Helga Dagný Bjarnadóttir 865-2406 helgabjarna92@gmail.com
4.fl.ka. (02,03)	Gervigras ÍR Kl. 16:00–17:30		Gervigras ÍR Kl. 16:30 – 18:00	Gervigras ÍR Kl. 16:30 – 18:00		Gervigras ÍR Kl. 11:30 – 13:00		Jóhannes Guðlaugsson 695-5040 Johannes.gudlaugsson@reykjavik.is
4.fl.kv. (02,03)		Gervigras ÍR Kl. 15:30-17:00		Gervigras ÍR Kl. 16:30-18:00	Gervigras ÍR Kl. 15:30-17:00			Helga Dagný Bjarnadóttir 865-2406 helgabjarna92@gmail.com
3.fl.ka. (00,01)		Gervigras ÍR Kl. 20:00-21:30	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 20:00-21:30	Gervigras ÍR Kl. 20:00-21:30	Gervigras ÍR Kl. 13:00-14:30		Sigurður Þórir Þorsteinsson 861-9401 sigurdurth@bhs.is
3.fl.kv. (00,01)	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Egilshöll Kl.18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00			Æfa með meistaraflokki kvenna
2.fl.ka. (97,98,99)	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Egilshöll Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 9:30-11:00		Sigurður Þórir Þorsteinsson 861-9401 sigurdurth@bhs.is
2.fl.kv. (97,98,99)	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Egilshöll Kl.18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00			Æfa með meistaraflokki kvenna
M.fl.ka. (96 og eldri)	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Egilshöll Kl.18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 9:30-11:00		Arnar Þór Valsson 660-0382 arnar@heilsa.is
M.fl.kv. (96 og eldri)	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Egilshöll Kl.18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00	Gervigras ÍR Kl. 18:30-20:00			Nánar síðar

Nánari upplýsingar á www.ir.is

Stelpuboltahátíð á Leiknisvelli

Íþróttafélagið Leiknir bauð öllum stelpum í 1. til 8. bekk í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til knattspyrnuhátíðar þann 11. september síðastliðinn. Var iðandi líf á svæðinu fram eftir morgni en alls mættu um 260 stelpur og tókust þær á við ýmsar þrautir undir handleiðslu úrvals fólks.

Hátíðin fór fram á aðalvelli Leiknis og komu í heimsókn virkilega góðir gestir sem leiddu stúlkurnar í gegnum verkefni dagsins og héldu uppi fjörinu. Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari kvenna tók á móti hópnum og aðstoðarþjálfari landsliðsins, Ásmundur Haraldsson, sem og landsliðskonurnar Ásgerður Stefánía leikmaður Stjörnunnar og Rakel Hönnudóttir leikmaður Breiðabliks, leiðbeindu stelpunum. Að auki voru þjálfarar kvennaflokka Leiknis að sjálfsögðu á staðnum: Fjolla Shala nýkrýndur Íslandsmeistari með Breiðablik þjálfar 7. og 6. flokk Leiknis ásamt Evu Rut Eiríksdóttur leikmanni úr Fram. Örn Þór Karlsson leikmaður 2. flokks Leiknis og KB þjálfar 5. flokk kvenna og Þórður Einarsson þjálfari og framkvæmdastjóri Leiknis stýrir 4. flokki.

Sindri Björnsson leikmaður Leiknis og U21 árs landsliðs Íslands kenndi stelpunum sína frábæru takta og Hilmar Árni og



Stelpurnar mynda hóp á Leiknisvellinum. Asparfellið er í baksýn.

Atli Arnarsson leikmenn Leiknis í Pepsi-deildinni voru stelpunum til halds og trausts. Það var því nóg af góðum gestum. Aron Fuego Leiknisljón hélt uppi stemningu með söng og sprelli og að sjálf-sögðu voru það Leiknislögin sem fengu að hljóma hæst. Þegar stelpurnar höfðu tekist á við knattþrautir og skemmtilegheit beið þeirra gjöf frá Leikni. Allar voru þær leystar út með plakati með mynd af Kvennalandslíðinu, tæknidiski KSÍ og síðast en ekki síst glæsilegum bol með áletruninni Eg er Leiknisstelpa. Það má segja að uppákoman hafi gengið

frammar vonum og mikil og góð tilþrif sáust hjá stúlkunum. Ekki leikur vafi á því að þarna voru Leiknisstelpur á ferð og margar



Margar stelpnanna sýndi fótáfimi með boltann.



Ánægðar með fótboltadaginn.

þeirra eiga framtíðina fyrir sér í fótbolta. Hátíðin markar upphaf nýrra tíma í kvennaknattspyrnu hjá félaginu. Æfingar kvenna-flokka undir nafni Leiknis eru nú farnar af stað og byrjunin lofar

svo sannarlega góðu. Við þökkum skólastjórnendum kærlega fyrir að gefa stúlkunum leyfi til að koma til okkar þessa stund sem og öllum sem gáfu okkur krafta sína í tilefni dagsins.

Full búð af nýjum vörum

Komdu og gerðu frábær kaup!

Kjólar, jakkar, buxur, leggings, töscur, veski, bolir, blússur, peysur, hanskar hattar, húfur, loðkragar, samkvæmisfatnaður samkvæmisveski, skart og margt fleira...

Súper Sól

roon

HÁRSTOFA

Hólmaseli 2 - 109 Reykjavík - Sími 567 2077 - 587 0077

Opið mán. - föst. kl. 10-22, laugard. kl. 10-20

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Handboltinn fer vel af stað

Fyrstu leikir Olísdeildarinnar í handbolta þar sem ÍR teflir fram bæði karla- og kvennaliði fóru fram um miðjan september. Karlalið ÍR sem þjálfað er af ÍR-ingunum Bjarna Fritzsyni og Einari Hólmgeirssyni sigraði lið Akureyringa í fyrsta leik mótsins 25-23.

Leikurinn var tileinkaður Magnúsi Korntop sem nýlega féll frá aðeins fimmtíu ára að aldri. Magnús var einn af áhugasömustu sjálfboðaliðum ÍR og mikill stuðningsmaður handboltans hjá félaginu. Kvennaliðið sem einnig hefur uppalinn ÍR-ing sem þjálfara

Sigurjón Friðbjörn Björnsson tók á móti Gróttu í fyrsta leik og veittu Íslandsmeisturunum verðuga keppni en töpuðu eigi að síður 16-21. Allir leikir handboltaliðanna fara fram í Austurbergi og Breiðhylltingar hvattir til að mæta vel á leikina í vetur.



Fréttir
 Íþróttafélag Reykjavíkur
 Skógarseli 12 • Sími 587 7080
 Tölvupóstur: ir@ir.is
 Heimasíða: ir.is

Karatestarf hafið hjá ÍR

Iðkendur, þjálfarar og sjálfboðaliðar sem undanfarin ár hafa æft, keppt og starfað í karate í nafni Leiknis hafa fært sig til ÍR. Æfingar í karate hófust undir merkjum ÍR mánudaginn 14. september. Fyrir milligöngu Sigurlaugar Svavarsdóttur nýs skólastjóra Fellaskóla hefur karatestarfið hjá ÍR fengið aðstöðu til afnota í Fellaskóla

sem gerir kleift að bjóða upp á æfingar í flokkum byrjenda og lengra kominna frá 5 ára aldri til fullorðinna. Hér er því um viðbótaraðstöðu að ræða í Efra-Breiðholti sem ekki hefur verið nýtt fyrir íþróttir áður og karateíþróttin keppir því ekki við aðrar greinar innan ÍR um aðstöðu. Karateæfingar ÍR verða liður í að efla íþróttaframboð ÍR í

Efra-Breiðholti. Eins og hefð er fyrir innan ÍR byggir starfið í kringum karate eins og í kringum aðrar íþróttir á framlagi áhugasamra sjálfboðaliða. Hér er um tilraunaverkefni að ræða og í vor verður lagt mat á hvort framhald verður á. Iðkendur, þjálfarar og sjálfboðaliðar sem nú munu æfa, keppa og starfa undir merkjum ÍR eru boðnir velkomnir í félagið og óskað góðs gengis.

Tristan Freyr í þriðja

Tristan Freyr Jónsson ÍR stóð sig frábærlega á Norðurlandameistaramóti ungmenna 19 ára og yngri sem fram fór í Espoo í Finnlandi 29. og 30. ágúst sl.

Tristan hafnaði í 2. sæti í 200m hlaupi, og bætti sig þegar hann kom í mark á 21,60 sek í löglegum vindi. Þessi árangur setur hann í 14. sæti á íslenskri afrekaskrá frá upphafi. Glæsilegur árangur það.

Bikarmeistarar ÍR 15 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram á Laugum 23. ágúst sl. ÍR sendi A lið í piltaflokki og A og B lið í stúlknaflokki. Keppnin var mjög spennandi og réðust úrslit í stigakeppninni ekki fyrr en alveg í lokin og sigraði A-lið ÍR með 122,5 stig, jafnmörg stig og lið HSK-Selfoss hlaut, en þar sem A-lið ÍR var með fleiri sigra í keppninni var liðið krýnt Bikarmeistari. Stúlkurnar í A-liðinu urðu einnig bikarmeistarar stúlkna piltarnir urðu í 4. sæti. Tiana Ósk Whitwort í 100m en hún kom vel fyrst í mark á 12,92 sek. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði með yfirburðum í 400 m en tíminn hennar var 60.15 sek. Hún sigraði einnig í langstökkinu með 5.19 m. Hlín Eiríksdóttir kom fyrst í mark í 1500m á tímanum 4:43,96 mín, rétt á undan Iðunni Björgu Arnaldsdóttur í B-liðinu en hún hljóp líka á finum tíma 5:46.58 mín. Helga Margrét

Haraldsdóttir sigraði í 80m grindahlaupi á 12.62 sek, og var nokkuð á undan næstu keppendum. Linda Líf Boama hlaut einnig gull en það var í kúluvarpi en hún bætti sig þegar hún kastaði 11,47 m. Rut Tryggvadóttir sigraði í kringlukast með 33,91 m sem einnig er bætning. Stúlkurnar í A-sveitinni urðu síðan fyrir því óláni að gera ógilt í 1000m boðhlaupinu en stúlkurnar í B-liðinu gerðu sér lítið fyrir og nældu sér í silfurverðlaun. Piltarnir hlutu ekki eins mörg gullverðlaun en stóðu sig samt mjög vel. Þorvaldur Tumi Baldvinsson varð 2. í 400m á 59.03 sek og Magnús Ari Björnsson 2. í 1500m á 5:16,48 mín. Tómas Biplab Mathiesen hlaut silfur í langstökki með 5,30m og bronsverðlaun í 100m á 12,78 sek. Mikael Daníel Guðmarsson hlaut brons í hástökki með 1,52m. 1000 m boðhlaupssveitin varð í 2. sæti.

Guðni Valur Guðnason frábær í kringlunni

Guðni Valur Guðnason, sem verður tvítugur í október nk., hefur sýnt miklar og örar framfarir síðan hann byrjaði að kasta kringlu hjá Pétri Guðmundssyni kastþjálfara hjá ÍR. Guðni Valur kastaði á dögnum hvorki meira né minna en

63,50m og bætti sig um næstum heila 5 m. Þetta er risakast og stekkur Guðni Valur upp úr 7. sætinu íslenskri afrekaskrá frá upphafi og upp í 3. sætið. Ólympíulágmarkið í kringlukasti er 66 m sem er langt frá því að vera fjarlægur draumur



BARNADANSAR

ÍR býður upp á barnadansæfingar í ÍR-heimilinu við Skógarsel 12.

Æfingaflokkar:

- 2-3 ára laugardaga kl. 9:30-10:00
- 4-5 ára laugardaga kl. 10:15-11:00

Þjálfari: Hrafnhildur Malen Traustadóttir

Fyrsti tími laugardaginn 19. september

Skráning og upplýsingar á www.ir.is eða í síma 587-7080





Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud. 12:00 til 15:00.

Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga 13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

Sími: 588 9705

www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Viltu **framúrskarandi** þjónustu við sölu á þinni fasteign?

Ég sé um allt ferlið fyrir þig og aðstoða þig einnig við fasteignakaup.



Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
kristin@fastlind.is
824 4031



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900



Aðalfundur BetraBreiðholts á mánudaginn

Aðalfundur Betra Breiðholts verður haldinn í Gerðubergi mánudaginn 21. september næst komandi.

Á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf að venju auk þess sem rætt verður um eitt og annað sem betur má fara í nærumhverfinu. Oft hafa spunnist góðar umræður á aðalfundunum og vænta aðstandendur að svo verði einnig nú. Af ýmsu sé að taka sem betur megi fara. Ályktanir aðalfunda eru einnig styrkur fyrir félagið til þess að koma áhugamálum á framfæri við hverfisráð og borgaryfirvöld.

Göngum í skólann í Ölduselsskóla

Ölduselsskóli gerðist þátttakandi í verkefninu Göngum í skólann 4. september sl., en verkefnið stendur formlega yfir hér á landi til miðvikudagsins 7. október. Markmið þess er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Í framhaldi þessa verkefnis vilja skólastjórnendur hvetja nemendur til að koma gangandi eða hjólandi í skólann og gerð verður mæling á hversu stórt hlutfall nemenda kemur gangandi eða hjólandi í skólann dagana 7. til 18. september 2015. Sá árgangur sem nær hlutfallslega bestum árangri að koma gangandi í skólann fær viðurkenningu í lokin.

Kvenfélags- konur færa Landspítala fé

Kvenfélag Seljasóknar færði krabbaneinsdeild Landspítalans 900 þúsund krónur til tækjakaupa að eigin vali og var gjöfin afhent 11. ágúst síðast liðin.

Kvenfélag Seljasóknar var stofnað 9. apríl 1981 og er tilgangur félagsins að vinna að málefnum safnaðarins og hvers konar öðrum menningar og líknarmálum og auka félagslíf í hverfinu. Félagskonur eru nú 60 og eru haldnir sjö félagsfundir á ári það er að segja fyrsta þriðjudag í hverjum mánuð frá október til maí og er janúar fundirnir sameiginlegir með kvenfélögum Breiðholts. Vetrardagskráin er fjölbreytt og áhugaverð að vanda og hvetjum við konur til að að ganga í kvenfélagið og eiga góðar stundir í góðum hópi og láta gott af sér leiða.

SÚPUKJÖTSTILBOÐ!

Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.



VERÐSPRENGJA
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR

699 kr.
kg.

Esja Gæðafæði
súpukjöt 1. flokkur

4 TONN
Í BOÐI



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is



Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland